



Fundargerð

49. fundur Hreppsnefndar Ásahrepps haldinn á skrifstofu Ásahrepps að Laugalandi í Holtum., Miðvikudaginn 18. febrúar 2026, kl. 08:30.

Fundinn sátu:

Ísleifur Jónasson, Nanna Jónsdóttir, Þráinn Ingólfsson, Helga Björg Helgadóttir, Kristín Hreinsdóttir og Valtýr Valtýsson.

Fundargerð ritaði: Valtýr Valtýsson, sveitarstjóri.

1. Fundargerð 318. fundar skipulagsnefndar UTU - 2602012

Lögð fram fundargerð 318. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 26-242.

*Mál nr. 1; Ás 3 1-8lód L204637; Skilgreining frístundalóðar; Deiliskipulag - 2508021.
Lögð er fram tillaga deiliskipulags, eftir auglýsingu, sem tekur til Áss 3 1-8 lód L204637 í Ásahreppi. Í deiliskipulaginu felst að skilgreindur er byggingarreitur á lóðinni þar sem heimilt er að reisa allt að 200 fm frístundahús, 40 fm gestahús og 25 fm geymslu. Umsagnir bárust á auglýsingatíma og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt viðbrögðum við þeim. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

*Mál nr. 2; Bergholt L238505; Íbúðarhús, gestahús og hesthús; Deiliskipulag - 2503060.
Lögð er fram, eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar, tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til Bergholts L238505 í Ásahreppi. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði og þar verður heimilt að byggja íbúðarhús, gestahús og hesthús/reiðhöll. Athugasemdir bárust frá Skipulagsstofnun og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins ásamt uppfærðum gögnum og undanþágu frá ákvæði d-liðar 5.3.2.5 gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um fjarlægð byggingar frá stofn- og tengivegum. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Hreppsnefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Hreppsnefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Mál nr. 20; Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 26-242 - 2601003F.

Lögð fram til kynningar fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 26-242.

2. Fundargerð 319. fundar skipulagsnefndar UTU - 2602014

Lögð fram fundargerð 319. fundar skipulagsnefndar UTU ásamt fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa UTU nr. 26-243.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

3. Fundargerð 113. fundar stjórnar UTU - 2602013

Nanna Jónsdóttir vikur af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Lögð fram fundargerð 133. fundar stjórnar UTU ásamt yfirliti yfir ferla fyrir afgreiðslur vegna lóðamála og merkjalýsingar.

Dagskrárliður nr. 2 í fundargerð þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps.

Bókun stjórnar UTU:

2. Merkjalýsingar og lóðamál

Lagt fram yfirliti yfir ferla fyrir afgreiðslur vegna lóðamála og merkjalýsingar. Hluti merkjalýsinga fara fyrir skipulagsnefnd og viðkomandi aðildarsveitarfélög, þær merkjalýsingar sem eru í samræmi við deiliskipulag fara beint í yfirferð og skráningu hjá UTU. Starfsmenn UTU undirrita merkjalýsingar.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi ferla um afgreiðslur á merkjalýsingum og að starfsmenn UTU undirriti merkjalýsingar. Stjórn UTU leggur til við aðildarsveitarfélögin að skipulagsfulltrúi UTU fái umboð til að undirrita, fullgilda og ljúka við alla nauðsynlega skjalagerð í tengslum við merkjalýsingar þar sem aðildarsveitarfélögin eru landeigendur.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða tillögu og bókun stjórnar UTU.

Að öðru leyti er fundargerð til kynningar.

4. Fundargerð 89. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. - 2602007

Lögð fram fundargerð 89. fundar stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs. Einn dagskrárliður var á þessum fundi sem snýr að lántöku vegna bílakaupa. Aðildar sveitarfélögin þurfa að samþykkja ábyrgð vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir hér með á fundi sínum að veita einfalda ábyrgð á láni Brunavarna Rangárvallasýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga og veðsetja tekjur sveitarfélagsins til tryggingar ábyrgðinni, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Ábyrgðin nær til láns að fjárhæð, allt að kr. 45.000.000,- ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði, samkvæmt þeim lánaskilmálum sem í boði eru þegar lánið er tekið. Lántakan er í formi langtímaláns í þeim skuldabréfaflokkum sem Lánasjóðurinn býður hverju sinni. Hreppsnefnd hefur kynnt sér skilmála viðkomandi skuldabréfaflokka eins og þeir birtast á heimasíðu Lánasjóðsins. Samþykkið nær jafnframt til undirritunar lánasamnings og þess að sveitarfélagið taki á sig þær skyldur sem þar greinir.

Lánið er tekið til fjármögnunar á nýjum dælubíl Brunavarna Rangárvallasýslu bs. sem staðsettur verður í slökkvistöðinni á Hellu. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Hreppsnefnd Ásahrepps skuldbindur sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Rangárvallasýslu bs til að selja ekki eignarhlut sinn til einkaaðila, í heild eða að hluta, fyrr en lánið hefur verið að fullu greitt.

Ef sveitarfélagið selur eignarhlut sinn til annarra opinberra aðila, skuldbindur sveitarfélagið sig til að tryggja að nýr eigandi yfirtaki ábyrgð á láninu í hlutfalli við eignarhlut sinn í félaginu.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, sveitarstjóra, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Ásahrepps, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

5. Fundargerð 9. fundar Héraðsnefndar Rangæinga - 2602015

Lögð fram fundargerð 9. fundar Héraðsnefndar Rangæinga kjörtímabilið 2022-2026. Eitt mál var á dagskrá fundarins, sem þarfnast staðfestinga sveitarstjórna.

Bókun Héraðsnefndar:

1. Stofnsamningur Héraðsnefndar Rangæinga

Lögð fram breyting á stofnsamningi Héraðsnefndar. Breytingin tekur til hluta 10. gr. stofnsamnings er varðar m.a. ársreikning og endurskoðanda. Eftir breytingu verður greinin svo hljóðandi.

Héraðsnefnd skal staðfesta ársreikning á vorkundi fyrir liðið reikningsár. Ársreikningur nefndarinnar skal yfirfarinn af endurskoðanda á grundvelli samnings nefndarinnar við endurskoðandann eða endurskoðunarfyrirtæki. Senda skal fullgerðan ársreikning, staðfestan af nefndinni til allra aðildarsveitarfélaga fyrir 15. júní ár hvert.?

Breyting á stofnsamningi lögð fram til staðfestingar. Héraðsnefnd samþykkir breytinguna og vísar henni til staðfestingar sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga. Samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti breytingu á hluta 10. gr. stofnsamnings er varðar m.a. ársreikning og endurskoðanda, eins og fram kemur í bókun Héraðsnefndar.

6. Fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands, 16. janúar 2026 - 2602004

Lögð fram fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt fundargögnum sem lágu fyrir á fundinum.

Meðfylgjandi gögn sem lögð eru fram eru eftirfarandi:

Fundargerð aukaaðalfundar SOS 16.01.2026

Fundargerð 343.fundar stjórnar SOS frá 16.01.2026

Kostnaðargreining

Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS

Starfslýsing v. fyrirhugaðrar ráðningar í stöðugildi hjá SASS til að sinna verkefnum SOS

Samantekt breytinga á samþykktum

Tillaga að breytingum á samþykktum - með TC og án

Nýr samningur milli SOS og SASS

Tveir dagskrárliðir þarfnast staðfestingar hreppsnefndar Ásahrepps, þ.e. dagskrárliðir 5.a. og 5.c.

Dagskrárliður 5.a. - Tillögur að breytingum á samþykktum.

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.a. í fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 16. janúar 2026 um tillögur að breytingu á samþykktum Sorpstöðvarinnar.

Lagðar eru fram til fyrri umræðu breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. ásamt fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvarinnar frá 16. janúar 2026. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki að vísa fyrirbyggjandi tillögu að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. til seinni umræðu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að vísa þessum tillögum að breytingum til seinni umræðu á næsta reglubundna fundi hreppsnefndar.

Dagskrárliður 5.c. - Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2026.

Tekinn er sérstaklega fyrir liður 5.c. í fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvar Suðurlands frá 16. janúar 2026 um viðauka við fjárhagsáætlun Sorpstöðvarinnar.

Lagður er fram til samþykktar viðauki við fjárhagsáætlun Sorpstöðvar Suðurlands bs. ásamt fundargerð aukaaðalfundar Sorpstöðvarinnar frá 16. janúar 2026. Lagt er til að sveitarstjórn

samþykki viðaukann.

Ekki er gert ráð fyrir auknum framlögum aðildarsveitarfélaga SOS vegna viðaukans.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagðan viðauka fyrir sitt leyti.

Aðrir dagskrárliðir eru til kynningar.

7. Fundargerð 46. fundar stjórnar Odda bs. - 2602018

Lögð fram fundargerð 46. fundar stjórnar Odda bs.

Til kynningar.

8. Fundargerð 253. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. - 2602008

Lögð fram fundargerð 253. fundar stjórnar Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Til kynningar.

9. Fundargerð 96. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu (FSRV) - 2602009

Lögð fram fundargerð 96. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu (FSRV) ásamt gjaldskrá heimaþjónustu fyrir árið 2026.

Til kynningar.

10. Fundargerð 343. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands - 2602005

Lögð fram fundargerð 343. fundar stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands ásamt fundargögnum.

Vísað er til afgreiðslu hreppsnefndar Ásahrepps varðandi fundargerð aukaáðalfundar SOS sem haldinn var 16. janúar 2026.

Til kynningar.

11. Fundargerð 251. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands - 2602010

Lögð fram fundargerð 251. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt bréfi Heilbrigðiseftirlitsins til sveitarfélaga á Suðurlandi.

Til kynningar.

12. Fundargerð 25. fundar stjórnar Arnardrangs hses. - 2602019

Lögð fram fundargerð 25. fundar stjórnar Arnardrangs hses.

Til kynningar.

13. Fundargerð 91. fundar stjórnar Bergrisans bs. - 2602021

Lögð fram fundargerð 91. fundar stjórnar Bergrisans bs.

Til kynningar.

14. Fundargerð 631. fundar stjórnar SASS - 2602002

Lögð fram fundargerð 631. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

15. Fundargerð 632. fundar stjórnar SASS - 2602003

Lögð fram fundargerð 632. fundar stjórnar SASS.

Til kynningar.

16. Fundargerð 991. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2602001

Lögð fram fundargerð 991. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

17. Fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga - 2602011

Lögð fram fundargerð 992. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Til kynningar.

18. Farsældarráð Suðurlands, tilnefning Ásahrepps í ráðið - 2602006

Lagt fram tölvuskeyti Örnú Ír Gunnarsdóttur, verkfnisstjóra farsældarráðs á Suðurlandi, þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa Ásahrepps í ráðið. Óskað er eftir tilnefningu bæði aðal- og varamanns.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að tilnefna Kristínu Hreinsdóttur sem aðalmann og Helgu B. Helgadóttur sem varamann sem fulltrúa Ásahrepps í farsældarráð Suðurlands.

19. Styrkbeiðni frá Suðurlandsdeild í hestaíþróttum 2026 - 2602016

Lagt fram tölvuskeyti stjórnar Suðurlandsdeildar í hestaíþróttum, dags. 8. febrúar 2026, þar sem óskað er eftir fjárstyrk að upphæð kr. 60.000 vegna Suðurlandsdeildar í hestaíþróttum árið 2026.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að veita styrk að upphæð kr. 60.000.

20. Styrkbeiðni vegna útgáfu Ársrits Sambands sunnlenskra kvenna - 2602020

Lagt fram tölvuskeyti frá ritnefnd Sambands sunnlenskra kvenna, dags. 12. febrúar 2026, þar sem óskað er eftir styrk vegna útgáfu Ársrits Sambands sunnlenskra kvenna.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 5.000.

21. Útivistarstígar í Ásahreppi - 2504018

Tekin var fyrir endurskoðun á verklagsreglum vegna útivistarstíga í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að fjárfesting í stofnstígum verði í forgangi gagnvart öðrum umsóknnum um fjárframlög við útivistarstígagerð.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir framlögð drög að endurskoðuðum verklagsreglum og sveitarstjóra falið að ganga frá smávægilegum breytingum í samræmi við umræður á fundinum. Sveitarstjóra falið að birta síðan verklagsreglur á heimasíðu Ásahrepps.

22. Starfsmannamál - 2511032

Umræða og ákvörðun um ráðningu skrifstofustjóra þarf að fara fram á fundinum.

Lagðar fram umsóknir og voru þær ræddar. Oddvita og sveitarstjóra falið að ganga frá ráðningu skrifstofustjóra í samráði við Mögnun ráðningarstofu.

23. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps - 2101011

Lagt fram málaflökkayfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps fyrir janúar 2026.

Til kynningar.

24. Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 23. - 25. september 2026 - 2602017

Lagt fram tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 3. febrúar 2026, þar sem kynnt er að Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga verður haldið á Akureyri dagana 23. - 25. september 2026.

Til kynningar.

25. Næsti fundur hreppsnefndar Ásahrepps - 2101018

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn 18. mars 2026 á skrifstofu sveitarfélagsins. Fundur hefst klukkan 8:30.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 10:30.

Ísleifur Jónasson

Nanna Jónsdóttir

Þráinn Ingólfsson

Helga Björg Helgadóttir

Kristín Hreinsdóttir

Valtýr Valtýsson